



Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins frá 45. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs:  
„Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur var falið að taka út skotsvæðið í Álfsnesi á árinu 2020 og skila skýrslu um mengun á svæðinu og að gera hljóðmælingar. Núverandi starfsleyfi rennur út 1. mars 2021.

1. Hvað líður gerð skýrslunnar?

*Svar. Skýrslan var tilbúin í lok desember og er í kynningarferli.*

2. Er hún tilbúin og er búið að kynna hana fyrir einhverjum hagsmunadílum s.s. íbúum á Kjalarnesi og Kollafirði og íbúaráði Kjalarness?

*Svar. Skýrslan hefur verið send til og kynnt fyrir Skotfélagi Reykjavíkur og send Skotveiðifélagi Reykjavíkur og nágrennis auk þess sem hún hefur verið send einstaklingi sem sendi inn erindi og óskaði eftir niðurstöðum hljóðmælinga árið 2020 vegna skotvalla. Boð hefur verið sent til íbúaráðs Kjalarnes um kynningu. Væntanlega verður tillaga að starfsleyfi fyrir skotvöll SR kynnt um leið en áætlað er að setja hana í auglýsingu 20. janúar nk. og er auglýsingatími 4 vikur. Á auglýsingátíma má hver sem vill senda inn ábendingar og athugasemdir vegna tillögunnar. Tilkynning til að vekja athygli á að tillaga að starfsleyfi er í auglýsingu verður send bæði íbúaráði og íbúasamtökum Kjalarness.*

3. Hvað kom út úr mengunarmælingum á óæskilegum efnum í jörðu?

*Svar. Rannsóknir leiddu í ljós að meira var um blýhögl en upplýsingar frá skotfélögum höfðu gefið tilefni til að ætla. Nánari upplýsingar eru í skýrslunni.*

4. Hvað kom út úr hljóðmælingum?

*Svar. Niðurstöður hljóðmælinga sýndu að mæligildi voru við eða undir viðmiðunargildum í reglugerð um hávaða fyrir kl. 07-19 (50 dB) en yfir viðmiðunargildum fyrir kl. 19-23 (45 dB), sbr. töflu III í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.*

5. Á hvaða tíma voru hljóðmælingar gerðar sundurliðað eftir vikum á árinu 2020?

*Svar. Hljóðmælingar fóru fram 15. september 2020 á milli kl. 13 og 16.*

6. Hvernig á að standa að kynningu á skýrslunni fyrir almenningi?‘‘

*Svar. Skýrslan verður sett á heimasíðu HER að loknum kynningum hagaðila og aðgengileg þar fyrir almenning. Sjá nánar um kynningaferil í svari við lið 2. Vísað verður á skýrsluna í auglýsingum að tillögu að starfsleyfum fyrir skotsvæðin þar sem m.a. almenningur getur tjáð sig. Tilkynning um að tillaga að starfsleyfi sé í auglýsingu verður send bæði íbúaráði og íbúasamtökum Kjalarness og íbúum þar sem hljóðmælingar fóru fram.*

Reykjavík 20. janúar 2021

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdarstjóri